

LJÓÐAFLÓÐ!

LJÓÐASAMKEPPNI GRUNNSKÓLANEMA

Ljóð sem voru á meðal þeirra bestu á miðstigi:

Árið

Vetrarsnjórinn eins og kókosmjöl
sem flýgur til jarðar.

Og svo sumarsólin sem rís upp á lofti eins og
körfubolti sem fer upp og niður upp og niður.

Hautlaufin eins og húfa sem fellur hægt til jarðar.

Vorfuglarnir eins og flautur í loftinu.

Arnar Brek, í 6. bekk Hofstaðaskóla

Ný árstíð

Laufin fuku burt
svellið liggur á jörðu
kisi tiplar létt.

Sigurjón Niels, 4. bekk Grunnskólans á Þórshöfn
Arnar Brek, í 6. bekk Hofstaðaskóla

Vetrarandinn

Nú blæs vindurinn
mjöllin sest á jörðina
greinarnar slást til.

Sigurjón Niels, 4. bekk Grunnskólans á Þórshöfn

Speglun

Tjörnin er frosin
og fuglarnir í dvala
en inni er hlýtt.

Andrés Illugi Gunnarsson, 7. bekk Vesturbæjarskóla

Um lífið

Vinátta.
Hvað er vinátta?
Er vinátta tilfinning?
Er vinátta vinur?
Hvað er vinátta?
Er vinátta lífið?
Já, lífið...lífið...lífið.

Kormákur Cortes, 7. bekk Vesturbæjarskóla

Foss og hús

Við stóra skólann er lítið hús lítið hús
Við lítinn bæ er lítið vatn lítið vatn
Á stóru fjalli er lítill foss lítill foss
Við fossinn er lítill regnbogi.

Patryk Grygoruk, 6. bekk Hvaleyrarskóla

Ég hlakka svo til

Ég hlakka svo til þegar jólin byrja
Ég hlakka svo til að opna pakkana
Ég hlakka svo til að sveinana spyrja
Ég hlakka svo til að leika við krakkana
Ég hlakka svo til að fara í snjóinn
Ég hlakka svo til að leika við Kæju
Ég hlakka svo til að fá í skóinn
Ég hlakka svo til að dansa við þæju

Gunnar Áki Blöndal, 6. bekk Hofstaðaskóla

Tröllaljóð

Hann Tröllli tröll sem lítið á,
fór á stjá og hitti þá,
unga snót
með fiman fót,
hann vildi fara á stefnumót,
hann spurði hvaðan ertu frá,
henni brá,
ég er Cindy lu,
og bý í hvergi brú,
hann pakkar henni saman,
honum fannst það gaman,
hann planar að stela jólum,
og frí í öllum skólum,
hann rænir og ruplar jólas krauti,
og fær sér af jólanauti,
hjartað fer að stækka,
og það vonda fer að lækka,
hann skilar öllum gjöfunum,
og bjargar öllum nammi stöfunum.

Brynjar Þór, 6. bekk Hofstaðaskóla

Grísirnir 3

Eitt sinn voru grísir þrír
sem þykja ekki gáfuð dýr
þeir byggðu hús úr
hálm, greinum og steinum
og buðu ekki neinum
en úlfur kom óboðinn og vildi inn
til að éta grísinn sinn
en grísinn var ekki af baki dottinn
og úlfurinn datt í pottinn.

Aron Bjarki, 6. bekk Hofstaðaskóla

Fjölskylda

Fjölskyldan er hjálpsöm
-hún er engri lík
Jákvæð og skilningsrík
Lík en samt svo ólík
semur vel við alla
hefur gaman að spjalla
Kærleiksrík og góð
yndisleg og fróð.
Notalegar stundir
eigum við saman
og það er gaman.
Dásamlegt finnst mér
að koma heim
og vera með þeim.

Íris Ásta, 6. bekk Hofstaðaskóla

Flokkar

Ég velti fyrir mér
hvað myndi breyta hlutum?
Fá fólk til að skilja heiminn?

Fólk þarf einhverja leið
til að skilja heiminn.

Svo hugsaði ég:

Allt í heiminum er annaðhvort
önd
eða ekki önd

Hvort sem fólk vill trúna því eða ekki
er það alltaf satt
í hjarta manns.

Þórarinn Hauksson, 5. bekk Álftamýrarskóla

Jól í desember

Nú er kalt orðið
og frosin eru öll ber.
Haustið er nú horfið
því nú er kominn desember.

Jólaljós allstaðar
við bökum litlar kökur.
Bjartir stórir snjókarlar
sem sitja úti á götu.

Núna sé ég jólatré
og skreytt er mitt ból.
Jólarós og pakkar hér
já nú eru komin jól.

Ísabella Eldey Kjartansdóttir, 11 ára Áslandsskóla

Grýla og Leppalúði

Leppalúði labbar á Hólmavík inn,
lokka krakka í poka.
Hoppa inn í hellinn sinn,
honum vill hann loka.

Leppalúði byrjar að borða,
borinn er krakki í öll mál.
Grýla er grútlöt ekki vill orða,
grípur í karlinn, vill krakkann í skál.

Eyþór Jónsson, 6. bekk Grunnskólanum á Hólmavík

Fallega jörðin

Grasið græna. Vatnið bláa,
Fjöllin stóru og fossarnir fallegu.
Rosa er jörðin okkar falleg.

Tryggvi Már, 5. bekk Kársnesskóla

Bókaormur

Bókaormur er á ferð
gleypir allar bækur.
Fer svo hratt í beygjunum
að hann missir niður brækur.
Geysist inn á bókasafn
alveg alls nakinn.
Vaknar svo með gæsaþúfu
því hann var vakinn.

Arnþór Rúnar Agnarsson, 5. bekk Ingunnarskóla

Þú situr við ána
og hlustar eftir vatninu
hoppa á steinunum.
Þú stendur upp og fylgir
vatninu fram að sjónum.
Þú syndir að heimsenda
þar sérðu litla
fallega fjöru.
Þú sest í fjöruna
og hugsar um lífið.

Emil Máni, 6. bekk Lindaskóla

Sumar

Sólin skín svo skært,
Ég sé að sumarið er komið.
Lítið blóm hreyfist í golunni og
Grasið græna felur moldina,
En veturinn er samt skammt undan.

Áróra Martinsdóttir Kollmar 5. bekk, Kársnesskóla.
